Nd. **351. Nefndarálit**

um frv. til landskiptalaga.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur yfirfarið frumvarp þetta allrækilega. Eru landskiptalögin frá 1927 umsamin að fullu, og eru í þessu frumvarpi nokkur nýmæli. Ráðunautar Búnaðarfélags Íslands, sem mest hafa um þau mál, er heyra undir landskiptalögin, að fjalla, hafa samið frumvarp þetta og stuðzt þar við margra ára reynslu sína varðandi landskipti.

Landbúnaðarnefnd telur, að breytingar þær, er frv. gerir á eldri lagaákvæðum, séu yfirleitt til bóta, og beri þess vegna að samþykkja frumvarpið. Nefndin hefur gert nokkrar breytingartillögur við frumvarpið, en það eru mestmegnis orðabreytingar, en raska ekki efni þess.

Landbúnaðarnefnd mælir með samþykkt frumvarpsins, en leggur til, að eftirfarandi breytingartillögur verði samþykktar.

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Við 1. gr.
   a. Upphaf 1. töluliðs orðist svo:
      Ef lögfest skipti hafa eigi áður farið fram, getur hver — o. s. frv.
   b. 3. tölul. orðist svo:
      Ef reynslan hefur leitt í ljós, að dómi matsmanna, að lögfest skipti séu mjög óhagkvæm einum aðila eða fleirum, getur hver einstakur aðili krafizt endurskipta. Eigi skulu matsmenn taka slíka kröfu til greina, nema þeir telji, að úr megi bæta öðrum aðilum að skaðlausu.
2. Við 10. gr. Síðasta málsgr. orðist svo:
   Nú hefur einhver unnið hefð á landi samkvæmt lögum nr. 46 10. nóv. 1905, og má þá hefðarréttur eigi standa fyrir skipulegri landskiptingu samkvæmt lögum þessum, enda fái sá, er hefðarrétt hefur unnið sér, jafngildi lands á öðrum stað, og skal bæta honum við skiptin umbætur hans á landi því, er hann kann að missa.

Alþingi, 3. maí 1941.

Bjarni Ásgeirsson, form. Jón Pálmason, fundaskr. Steingr. Steinþórsson, frsm.

Pétur Ottesen. Ásg. Ásgeirsson.